

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

412. fundur

Föstudaginn 10. október 2025 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 07:30.

Mætt voru:

Kristín Thorarensen (KT) Lovísa Jónsdóttir (LJ), Magnús Örn Guðmundsson (RJ), Hjördís Ýr Johnsen (HÝJ), Hrannar B Eyjólfsson (HBE) og Alexandra Briem (AB).

Fundinn sat einnig Jóhannes Rúnarsson (JR) og Sigurborg Þórarinsdóttir sem ritaði fundargerð.

Tekið fyrir:

1. Gjaldskrá 2026.
2. Sölutölur ágúst og september.
3. Samstarf um öryggi í Strætó.
4. Borgarlínuverkefni og nýtt leiðanet.
5. Áhrif breytinga á tímatöflu.
6. Leiðarkerfisbreytingar.
7. Forgangaðgerðir.
8. Seinkanir.
9. Innra eftirlit.
10. Erindi frá íbúa.

1. Gjaldskrá 2026

Í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar ársins 2026 samþykkti stjórn að hækka gjaldskrá um 3% til 3,4% frá 1. janúar 2026.

2. Sölutölur

Markús Vilhjálmsson, sviðstjóri sölu, markaðs og þjónustu fór yfir sölutölur til loka september.

3. Öryggi í Strætó.

Markús Vilhjálmsson, sviðstjóri sölu, markaðs og þjónustu fór yfir hugmyndir í tengslum við aukið öryggi í strætó. Sviðsstjóra falið að vinna hugmyndina áfram og taka saman tölfræði tengdu málefnum.

4. Borgarlínuverkefni og nýtt leiðanet

Ragnheiður Einarsdóttir, deildarstjóri skipulags og leiðarkerfis fór yfir stöðu verkefna og tímalínu.

5. Áhrif breytinga á tímatöflu

Framkvæmdastjóri fór yfir áhrif breytinga á umferðarflæði á núverandi tímatöflum.

6. Leiðarkerfisbreytingar

Framkvæmdastjóri fór yfir fyrirhugaðar breytingar á leiðaneti á næsta ári.

7. Forgangaðgerðir

Daði Baldur Ottósson og Ásmundur Jóhannsson samgöngusérfræðingar frá Elfu kynnti drög að niðurstöðu forgangaðgerða á umferðarflæði til að auka áreiðanleika Strætóa.

8. Seinkanir

Farið yfir áhrif seinkana á rekstur samninga. Stjórn heimilaði framkvæmdastjóra að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

9. Innra eftirlit

Elísa Kristmannsdóttir, fjármálastjóri fór yfir aðgerðir innra eftirlits hjá stjórnendum Strætó. Stjórn felur fjármálastjóra að fá álit frá endurskoðendum í samræmi við umræðu á fundinum.

10. Suðurgata

Tekið var fyrir síðara erindi frá íbúa við Suðurgötu. Framkvæmdastjóra falið að svara.

Fundi slitið 10:00

Fylgiskjöl:

Alexandra Briem

Hrannar Bragi Eyjólfsson

Hjördís Ýr Johnsson

Kristín Thorarensen.

Lovísa Jónsdóttir

Magnús Örn Guðmundsson